

Kirkjuból

Námskrá



Virðing-Væntumþykja-Vinátta

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Saga leikskólans	5
Hugmyndafræði Kirkjubóls	5
Uppeldissýn Kirkjubóls	8
Einkunnarorð Kirkjubóls	9
Grunnþættir menntunar.....	10
Læsi.....	10
Sjálfbærni	10
Heilbrigði og velferð	11
Lýðræði og mannréttindi	11
Jafnrétti	12
Sköpun.....	12
Samþætt og skapandi leikskólastarf	13
Heilbrigði og vellíðan.....	13
Sjálfbærni og vísindi.....	13
Sköpun og menning	14
Leikur og nám	16
Morgunfundir og lestrarstundir.....	17
Markviss málörvun	17
Flæði.....	18
Námsumhverfi.....	19
Matartími barna.....	19
Samstarf og samfélag	21
Fjölskyldan og leikskólinn.....	21
Áherslur í foreldrasamstarfi	21
Samstarfsverkefni	22
Brúum bilið	22
Skólagarðar Garðabæjar	22
Bókasafn Garðabæjar	22
Mat á skólastarfinu.....	23
Áætlanir.....	25

Inngangur

Aðalnámsskrá leikskóla er leiðarvísir fyrir allt leikskólastarf á Íslandi og byggir á lögum um menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum. Hún markar stefnu, gildi og fagleg viðmið fyrir leikskólana og tryggir að velferð og hagur barna séu ávallt höfð að leiðarljósi. Hver leikskóli mótar síðan sína eigin skólanámsskrá út frá Aðalnámsskránni, lifandi plagg sem endurspeglar hugmyndafræði, áherslu og daglegt starf hvers skóla.

Skólanámsskrá Kirkjubóls er sameiginlegt verk allra sem starfa í leikskólanum. Hún er unnin í samvinnu við leikskólakennara, annað starfsfólk, foreldra og börn, og er endurskoðið reglulega í takt við þarfir barnanna og þróun skólustarfsins. Í námsskránni kemur fram sú sýn, gildi og starfsaðferðir sem móta daglegt líf leikskólans og skapa sameiginlegan skilning á því hvað einkennir Kirkjuból. Leikskólastarf Kirkjubóls byggir á *leikskólalögum nr. 90/2008*, *Aðalnámsskrá leikskóla 2011 og innleiðingu breytinga frá 2023*, ásamt *Menntastefnu Garðabæjar 2022-2030*. Jafnframt vinnur leikskólinn í anda *Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna* um sjálfbæra þróun og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*, þar sem áhersla er lögð á réttindi, velferð, virka þátttöku og jafnræði barna í samfélaginu.

Kirkjuból vinnur eftir grunnreglum Barnasáttmálans, sem liggja til grundvallar öllu uppeldisstarfi leikskólans. Þær endurspeglu þau gildi sem einkenna leikskólastarfið, virðingu væntumþykju og vináttu og leiða vinnu með lýðræði, valdeflingu og vellíðan barna.

Hér fyrir neðan má sjá myndræna framsetningu fimm meginreglna Barnasáttmálans, eins og þær birtast á <https://www.barnasattmali.is/is> :



Í menntastefnu Garðabæjar er lögð áhersla á farsæld, framsækni og faglegt skólastarf þar sem vellíðan, hæfni og gleði barna eru í forgrunni. Leikskólar bæjarins, þar á meðal Kirkjuból, vinna út frá þeirri stefnu að börn fái jöfn tækifæri til að njóta bernsku sinnar. Læra í leik og þróast í umhverfi sem einkennist af virðingu, væntumþykju og vináttu.

Skólanámsskrá Kirkjubóls 2025 byggir á fyrri útgáfum frá 2014 og 2015 og hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af nýjustu áherslum í menntastefnu, rannsóknum og reynslu starfsfólks. Hún er gefin út í rafrænu formi sem lifandi plagg á heimasíðu leikskólans. Henni er ætlað að vera leiðarljós í starfi, stuðla að samvinnu og sýnileika og vera grunnur að gæðastarfi og áframhaldandi þróun leikskólans.

Saga leikskólans

Leikskólinn Kirkjuból hóf starfsemi 1. nóvember 1985 og er rekinn af sveitarfélagi Garðabæjar.

Við formlega opnun skólans var helmingur húsnæðis tekinn í notkun og börn voru annað hvort í hálf dags- eða heils dagsvistun. Árið 1993 var ákveðið að Kirkjuból yrði heils dagsleikskóli eingöngu með pláss fyrir 54 börn.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun hófust miklar framkvæmdir þar sem húsnæðið var stækkað og endurbætt. Veturinn 1995-1996 fjölgaði börnum í 66 og deildirnar urðu aldursblandaðar, börn frá 2-6 ára. Hugmyndin á bak við slíkt skipulag er að börnin læri hvert af öðru, hjálpist að og styrki félagsfærni í blönduðum aldurshópum.

Haustið 2001 var ein deild gerð að deild fyrir yngri börn því inntökualdur á leikskóla hafði verið lækkaður. Útisvæðið var einnig endurbætt með hliðsjón af þörfum yngri barna.

Vorið 2019 var ráðist í frekari stækkun sem nam um 100 fermetrum. Þá var aðstaða leikskólans bætt verulega, meðal annars með nýju eldhúsi, hita, gólfhita og stærri innganga á allar deildir ásamt betri vinnuástöðu fyrir starfsfólkið.

Það er 61 barn að hámarki í leikskólanum með þremur aldursskiptum deildum. Á Heiði eru elstu börnin, Lundur er miðdeildin og Holt er með yngstu börnin.

Þess má geta að Kirkjuból stendur á landnámsjörð sem kom í ljós við frágang á leiksvæðinu árið 1985. Fór fram fornleifarannsókn á svæðinu og eru minjarnar varðveittar í minjagarði.

Hugmyndafræði Kirkjubóls

Leikskólinn er stór hluti af tilveru fjölmargra barna og fjölskyldna í samfélaginu. Velferð og hagur barna eru leiðarljós í öllu skólastarfi. Mikilvægi leiksins er óumdeilt, hann er hornsteininn, kennsluáðferð kennara og helsta náms- og þroskaleið barna. Í samstarfi við foreldra leitast leikskólinn við að veita öllum börnum hvatningu og tækifæri til að njóta bernsku sinnar, ásamt því að stuðla að öryggi þeirra, vellíðan og lífsgæðum. Lögð er áhersla á styrkleika barna og hæfni þeirra til að taka fullan þátt í starfi leikskólans. Í leikskólanum mynda hugtökin *uppeldi*, *umönnun* og *menntun* eina heild þar sem börnum er sýnd virðing, umhyggja og væntumþykja. Þessi þrjú atriði eru grunnstoðir starfsins og endurspeгла hvernig við lítum á barnið sem virkan þátttakanda í eigin lífi.

Í dag er leikskólinn viðurkenndur sem fyrsta skólastig barnsins. Leikskólinn veitir börnum umönnun og menntun, býr þeim til hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna og efla samspil mikilvægustu þroska þátta þeirra s.s. líkamsvöxt, hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsfærni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Umönnun felst í því að annast börnin af hlýju, áhuga og ábyrgð, með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og traust sem er forsenda náms og vellíðunar.

Allt starf í leikskólum byggir á sérstakri hugmyndafræði og uppeldisaðferðum þar sem leikurinn, í allri sinni fjölbreytni er kjarni starfsins. Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra starfsmanna og byggir á kenningum fræðimanna um hvernig börnin læra, þróast og þroskast. Á Kirkjubóli er unnið með *valdeflingu, sjálfstæði, vellíðan, gleði og lýðræði barna*. Við viljum að börnin takist á við verkefni daglegs lífs og læri að leysa þau á eigin spýtur með stuðningi kennara. Þau eru hvött til að tjá sig, hafa áhrif og axla ábyrgð á eigin ákvörðunum.

Heimspekingurinn og menntunarfræðingurinn **John Dewey** lagði áherslu á að virkja áhuga barnsins í gegnum leik og starf, með því að „læra með því að gera“ (*learning by doing*). Dewey taldi að barnið byggði upp skilning og þekkingu með virkri þátttöku í raunverulegum verkefnum, þar sem reynslan væri grundvöllur námsins. Börnin læra með því að rannsaka, prófa sig áfram og draga ályktanir. Þannig fléttum við nám inn í daglegan leik þar sem sjálfsprottinn leikur er í fyrirrúmi og barnið fær að þroskast í gegnum eigin reynslu. Við viljum ala upp sjálfstæð, forvitin og lausnarmiðuð börn sem treysta eigin hæfni og sýna hugrekki í nýjum aðstæðum. Dewey hvatti einnig kennara til að samþætta námsgreinar og vinna með þemu sem byggð væru á raunverulegum aðstæðum barnanna, nálgun sem við á Kirkjubóli tókum mið af í skipulagi og daglegu starfi.

Þroskasálfræðingurinn **Erik H. Erikson** setti fram kenningu á svipuðum nótum og Dewey. Hann taldi að leikurinn væri besti og virkasti þáttur í þroska barnsins. Í leiknum skapar barnið sér aðstæður til að ná valdi á sjálfu sér og umhverfinu. Leikurinn hjálpar því að ná jafnvægi í daglegu lífi, efla sjálfsmynd barna og styrkja sjálfstraust þeirra. Erikson lagði áherslu á mikilvægi tengsla, traust og jákvæðra reynslu í æsku sem grunn af heilbrigðum þroska og félagslegri færni, gildi sem endurspeglast í starfi Kirkjubóls.

Fjölgreindakenning Howard Gardner um fjölgreindir var tekin inn í starf Kirkjubóls árið 2009 þar sem hún fellur vel að áherslum leikskólastarfsins og hugmyndum um margbreytileika barna. Gardner setti fram kenninguna í bókinni *Frames of Mind*(1982) og taldi að hver manneskja byggi yfir ólíkum greindum sem hægt er að þroska og efla með leik, reynslu og námi.

Á Kirkjubóli er kenning Gardners samofin daglegu starfi og flæði leikskólans, þar sem börn fá tækifæri til að nota styrkleika sína í leik, sköpun og samvinnu. Við nýtum fjölgreindir til að mæta fjölbreyttum þörfum barna og byggja á styrkleikum þeirra til að efla aðra þætti.

Kenningin endurspeglar jafnframt hugmyndafræði John Dewey um að læra með því að gera. Með fjölbreyttum viðfangsefnum, þar sem leikur, reynsla og sköpun fléttast saman, öðlast börnin dýpri skilning og trú á eigin getu.

Á Kirkjubóli er barnið virkur þátttakandi í samfélagi þar sem **virðing, væntumþykja og vinátta** mynda grunninn að leik, námi og lífi.

Uppeldissýn Kirkjubóls

Á Kirkjubóli er okkur annt um rödd barnanna og trúum því að börnin séu virkir þátttakendur í eigin námi og lífi leikskólans. Við leggjum áherslu á að hlusta á börnin, taka mark á skoðunum þeirra og skapa aðstæður þar sem þau geta haft áhrif á það sem þau gera, læra og upplifa. Þannig byggjum við upp samfélag þar sem virðing, væntumþykja og vinátta eru í fyrirrúmi og börnin finna að þau skipta máli.

Gildi leikskólans **Virðing- Væntumþykja- Vinátta** liggja til grundvallar í öllu starfi okkar. Í samræmi við þau vinnum við markvisst með *valdeflingu, sjálfstæði, vellíðan, gleði og lýðræðislegt leikskólastarf* þar sem börnin frá tækifæri að hafa áhrif og njóta þess að tilheyra. Að hlusta á börn og gefa þeim rödd felur í sér meira en að spyrja þau álits, það snýst um að meta sjónarmið þeirra, veita þeim val og treysta þeim til ábyrgðar. Við viljum að börnin læri að hafa áhrif á umhverfið sitt og taka þátt í að móta starfið með hugmyndum sínum, áhuga og frumkvæði. Í daglegu starfi Kirkjubóls er rödd barnanna fléttuð inn í öll svið náms og leiks, bæði í samtölum, ákvörðunum og framkvæmd. Þannig fá börnin tækifæri til að æfa sig í að tjá skoðanir, hlusta á aðra, vinna saman og finna að þeirra rödd skiptir máli í stærra samhengi.

Leikurinn er hjarta starfseminnar og megin námsleið barnanna. Í leik mynda börn tengsl við aðra, kanna umhverfið sitt, læra að setja reglur og fylgja þeim, þau skapa sér ímyndaðar aðstæður og þróa hugmyndir sínar í samvinnu við aðra. Við leggjum áherslu á að leikurinn sé bæði sjálfsprottinn og skapandi, þar sem börn fá rými til að prófa, ímynda sér og læra í gegnum eigin reynslu.

Sjálfræði og valdefling er órjúfanlegur hluti af uppeldissýn Kirkjubóls. Við viljum efla trú barnanna á eigin getu, styðja frumkvæði þeirra og hvetja þau til að taka ákvarðanir og bera ábyrgð á eigin vali. Hlutverk okkar fullorðnu er að vera leiðbeinendur, hlusta og skapa rými þar sem rödd barnanna fær vægi.

Vellíðan og gleði eru forsenda alls náms og þroska. Við á Kirkjubóli leggjum áherslu á að efla sjálfsmynd, sjálfstraust og félagsfærni barna í hlýlegu og öruggu umhverfi þar sem jákvæð samskipti og samvinna er í fyrirrúmi. Þannig skapast grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu.

Flæði er fastur liður í starfi leikskólans og fer fram einu sinni í viku. Markmiðið er að öll börn fái tækifæri til fjölbreytts leiks og efniviðar, ásamt því að efla tengsl við starfsfólk og aðra í

leikskólanum. Sama hugmyndarfræði liggur að baki Matstofunni, þar sem börnin skammta sér sjálf, velja sér sæti og ákveða með hverjum þau vilja sitja. Þar æfast þau í að sýna ábyrgð, tillitssemi, virðingu, sjálfstæði og félagsfærni.

Uppeldissýn Kirkjubóls byggir á hugmyndinni að lýta á barnið sem virkan, forvitinn og hæfan þátttakanda í eigin námi og lífi. Í gegnum leik, vináttu og valdeflingu læra börnin að tjá sig, hafa áhrif og taka þátt í samfélaginu með gleði og ábyrgð. Þessi sýn styður við grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla og endurspeglar þann kærleika, traust og metnað sem einkenna samfélag Kirkjubóls.

Einkunnarorð Kirkjubóls

Þau gildi sem móta daglegt starf og samskipti í leikskólanum koma skýrt fram í einkunnarorðunum: **Virðing- Væntumþykja- Vináttu**. Þessi hugtök eru leiðarljós í öllu okkar starfi og eiga að endurspeglast í samskiptum barna, foreldra og starfsfólks Kirkjubóls.

Virðing

Virðing er undirstaða góðra samskipta. Hún endurspeglast í framkomu okkar við aðra og í því hvernig við göngum um okkar nánasta umhverfi. Við viljum að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðlist jákvæða sjálfsmynd, sýni öðrum virðingu og gangi vel um umhverfið. Virðing er ekki meðfæddur eiginleiki heldur lærist hún í gegnum samskipti og þar erum við fullorðna fólkið fyrirmynd.

Væntumþykja

Við leggjum áherslu á að sýna hvert öðru vinsemd og væntumþykju. Við erum í nánum samskiptum alla daga og allir einstaklingar þurfa að upplifa að þeir skipti máli. Jákvæðni, bros, hlýtt viðmót og góð tengsl hafa mikil áhrif á líðan okkar allra. Mikilvægt er að börnum og starfsfólki líði vel og að þau finni fyrir væntumþykju í sinn garð.

Vináttu

Manneskjan er félagsvera, við lærum af öðrum og með öðrum. Að eiga vin skiptir gríðarlega miklu máli og enginn á að vera einmana í leikskólanum. Góðir vinir bera virðingu hver fyrir öðrum, á milli þeirra ríkir traust, hjálpsemi, umburðarlyndi og samkennd.

Grunnpættir menntunar

Menntastefnan í Aðalnámsskrá leikskóla 2011 er reist á sex grunnpáttum menntunar sem eiga að móta skólabrag, starfshætti og áherslur í skólastarfi. Þættirnir eru:

Læsi

Læsi er margþætt færni sem þróast í gegnum leik, samskipti og daglegt líf barnsins. Það felur í sér að taka eftir, hlusta, skilja og tjá sig á margvíslegan hátt – með orðum, myndum, hreyfingu, táknum, tölum og tónlist.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að efla orðaforða, málskilning og tjáningarhæfni barna í umhverfi þar sem tungumálið lifir í sameiginlegum athöfnum og samræðum dagsins. Læsi felur jafnframt í sér að lesa í umhverfið sitt, skilja tákni og aðstæður og nýta sér upplýsingar á skapandi og gagnrýnninn hátt. Upplýsingatækni og starfrænir miðlar eru hluti af læsisþróun barna og nýttast bæði til sköpunar og miðlunar þekkingar. Markmið leikskólans er að skapa læsisríkt umhverfi þar sem börnin læra í gegnum leik, reynslu og samræður að skilja heiminn betur og koma eigin hugsunum og hugmyndum á framfæri.

Þessi nálgun styður við grunnpætti menntunar samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla, einkum menningu, tungumál og tjáningu, þar sem læsi er órjúfanlegur hluti af leik, samskiptum og sköpun barna.

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér að við skilum jörðinni í ekki lakara ástandi en við tókum við henni, með því að uppfylla þarfir okkar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Hún snýst einnig um jöfnuð, virðingu og skilning á fjölbreytileika mannlífs, og að börn læri að bera ábyrgð á sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

Á Kirkjubóli er unnið að sjálfbærni í daglegu starfi með því að rækta virðingu fyrir náttúru og lífríki, endurnýta efnivið og ræða mikilvægi þess að spara orku og mat. Börnin taka þátt í verkefnum eins og að plokka rusl, annast skólagarða og rækta þar grænmeti sem notað er í eldamennsku og sjá um snigilinn í leikskólanum, sem stuðlar að ábyrgð, samkennd og virðingu fyrir lífríkinu.

Markmiðið er að efla með börnunum meðvitund, ábyrgð og forvitni gagnvart náttúrunni og skilning á því að hver gjörð skiptir máli. Þannig er sjálfbærni samofinn öllu starfi leikskólans og hluti af daglegu námi og leik.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði barns byggist á jafnvægi líkamlegra, andlegra og félagslegra vellíðunar. Leikskólinn gegnir þar mikilvægu hlutverki, enda dvelja börnin stóran hluta dagsins í umhverfi þar sem samskipti, leikur og daglegar venjur móta heilsu þeirra og líðan. Markvisst er unnið að því að skapa aðstæður þar sem börn upplifa öryggi, virðingu, umhyggju og tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.

Glöð og hraust börn eru meira tilbúin til að takast á við verkefni dagsins, þau læra að þekkja líkama sinn og tilfinningar, þróa með sér jákvæða sjálfsmynd í samveru við aðra. Heilbrigði og vellíðan eru samofin öllu starfi leikskólans, hvort sem er í leik, hreyfingu, skapandi starfi eða daglegum venjum. Áhersla er lögð á að efla:

- Jákvæða sjálfsmynd og sjálfstraust
- Hreyfigleði og líkamlega færni
- Jafnvægi milli virkni og hvíldar
- Holt mataræði og góða næringu
- Hreinlæti og umgengni við líkama sinn
- Andlega vellíðan, öryggi og góð samskipti
- Skilning á eigin tilfinningum og tillitssemi við aðra.

Markmið leikskólans er að efla heilsurækt, lífsleikni og félagsfærni barna með því að skapa umhverfi þar sem vellíðan, öryggi og gleði eru í fyrirrúmi. Þessi nálgun styður við grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla, einkum heilbrigði og velferð þar sem börnum er tryggð umhyggja, virðing og jöfn tækifæri til að þroska og lífsgleði.

Lýðræði og mannréttindi

Starfið í leikskólanum byggir á að vinna með margbreytileika og ólíkar fjölskyldu-gerðir, ólíkar venjur, siði og trú. Við byggjum starfið á virkri hlustun, gagnrýnni hugsun og áhuga barnanna. Við skipuleggjum starfið þannig að börnunum finnist eðlilegt og sjálfsagt að vinna eftir lýðræðislegum samskiptaháttum.

Allir eiga að fá að njóta sín á eigin forsendum, hver og einn á að fá að njóta hæfileika sinna og styrkleika og fá að vera hér og nú. Í starfi skólans er einnig unnið markvisst að því að valdefla börnin, finna sterkar hliðar hvers og eins og ýta undir þær. Samhliða því er einnig unnið að því að ýta undir jákvæða sjálfsmynd barna með umhyggju, jákvæðni og hrósi.

Jafnrétti

Á Kirkjubóli er jafnrétti grunnstef í öllu starfi. Við leggjum áherslu á að öll börn njóti virðingar og hafi jöfn tækifæri til þátttöku, lærdóms og leikja, óháð kyni, uppruna, trú, fötlun, aldri eða öðrum aðstæðum. Við vinnum markvisst gegn viðhorfum sem geta leitt til óréttlætis eða staðalímynnda og leggjum áherslu á að börn fái að vera þau sjálf og njóta styrkleika sína. Í leiknum fá börnin að velja hlutverk, tjá hugmyndir sínar og skapa án kynjaskiptingar eða fyrirfram ákveðinna væntinga.

Starfsfólk leikskólans vinnur með jafnrétti í daglegum samskiptum, í vali á bók, efnivið og viðfangsefnum. Við leggjum áherslu á jákvætt og virðingarfullt andrúmsloft, þar sem hugmyndir allra barna fá að njóta sín og mannauðurinn nýtist sem best.

Við hlustum á raddir barna og hvetjum þau til að taka þátt í ákvörðunum, tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á daglegt starf. Jafnrétti á Kirkjubóli felur þannig í sér að við byggjum upp samfélag þar sem virðing, samábyrgð og jafnræði eru í fyrirrúmi.

Sköpun

Á Kirkjubóli fá börn dagleg tækifæri til að uppgötva, ímynda sér og skapa í leik og starfi. Sköpun felur í sér að kanna, prófa og umbreyta hugmyndum í verk, hvort sem það er í myndlist, tónlist, hreyfingu, leik eða daglegum athöfnum.

Í skapandi starfi eru börnin hvött til að hugsa sjálfstætt, spyrja spurninga og leita lausna. Þau læra að vinna úr eigin reynslu og áhuga, þróa hugmyndir og sjá möguleika á því sem fyrir er. Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að styðja hugmyndir barnanna, hlusta á þær og skapa rými þar sem gleði, forvitni og sköpunarferlið sjálft er í brennidepli.

Í gegnum skapandi starf eflast ímyndunarafl, frumkvæði, sveigjanleiki og sjálfstraust. Sköpun stuðlar einnig að ígrundun, samkennd og jafnrétti, þar sem börn læra að virða eigin hugmyndir og annarra. Þessi nálgun samræmist grunnþáttum Aðalnámsskrá leikskóla, einkum sköpun, menningu og sjálfbærni, þar sem börn fá að læra með því að skapa, rannsaka og finna gleði í eigin sköpunarferli.

Sambætt og skapandi leikskólastarf

Námssvið leikskóla eru: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*. Námssviðin eru sambætt og samofin öllu starfi leikskólans og byggja á ofangreindu sex grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla. Þau eru órjúfanlegur hluti af leik barna og daglegu starfi, þar sem nám, leikur og gleði fara saman. Í leikskólanum felst nám ekki einstöku greinum heldur sambætti og skapandi starfi þar sem námsviðin tengjast og styðja hvert annað. Á Kirkjubóli leggjum við áherslu á að þessir námsþættir verði lifandi og raunverulegur hluti af leik og daglegu starfi barna. Unnið er út frá árlegu þema sem ákveðið er að hausti og skráð í starfsáætlun leikskólans. Þemað tvinnast inn í allt starf yfir skólaárið og tengir saman námsvið og áherslur leikskólans á markvissan og skapandi hátt, í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði barns byggist á jafnvægi líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar vellíðunar. Á Kirkjubóli er lögð áhersla á að skapa umhverfi þar sem börn upplifa öryggi, virðingu og umhyggju, og fá tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Í daglegu starfi er stuðlað að heilbrigði og velferð með því að hvetja til hreyfingar, hvíldar, hollrar næringar og góðra samskipta. Börnin læra að þekkja líkama sinn, hlusta á þarfir sínar og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Jákvætt andrúmsloft, samvera og leikur skapa grunn að vellíðan, sjálfstrausti og félagslegum styrk. Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að efla líkamlega færni, tilfinningagreind og félagsfærni barna, og vinna þannig að jafnvægi milli hugar og líkama. Glöð og hraust börn eru meira tilbúin til að takast á við verkefni dagsins og njóta lærdóms í leik og samveru. Þessi nálgun styður við grunnþætti Aðalnámsskrár leikskóla, einkum heilbrigði og velferð, þar sem börnum er tryggð umhyggja, virðing og jöfn tækifæri til þroska og lífsgleði.

Sjálfbærni og vísindi

Umhverfismennt er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Frá unga aldri beita börn fjölbreyttum aðferðum til að skynja, kanna og skilja umhverfi sitt. Mikilvægt er að þau þrói með sér virðingu og ábyrgð gagnvart náttúru og samfélagi og geri sér grein fyrir því hvernig vistspor hvers einstaklings hefur áhrif á nútíð og framtíð.

Í starfi leikskólans er lögð áhersla á að ýta undir forvitni, vangaveltur og vísindalega hugsun barna. Þau eru hvött til að skoða tengsl, orsök og afleiðingu fyrirbæra í umhverfi sínu, fylgjast með breytingum í náttúrunni og upplifa hringrás lífsins í gegnum árstíðirnar. Börnin safna berjum að hausti, fylgjast með farfuglum, veðri og gróðri og setja síðan fræ í mold á vorin sem þau hugsa um og taka stolt heim þegar sumarið gengur í garð.

Börnin fara reglulega í vettvangsferðir um nærumhverfi leikskólans þar sem þau kanna, safna og rannsaka. Það sem þau finna er oft tekið með heim í leikskólann – steinar, lauf, ber eða smádyr – sem þau skoða nánar, mæla, flokka og vinna með í skapandi starfi.

Elstu börnin taka þátt í samstarfi við skólagarðana við Bæjarból þar sem þau sá fræjum, sjá um vökvun og hirðingu og uppskera að hausti. Þannig læra þau um ábyrgð, þolinmæði og gildi sjálfbærrar ræktunar.

Leikskólinn tekur einnig þátt í vorhreinsun Garðabæjar þar sem börnin leggja sitt af mörkum til að halda bænum hreinum og fallegum. Í daglegu starfi er lögð áhersla á endurnýtingu og hófsemi í notkun á efniviði, vatni, pappír og orku, og þannig er börnunum kennd ábyrg og meðvituð umgengni við náttúruna.

Sköpun og menning

Á Kirkjubóli fá börn daglega tækifæri til að uppgötva, ímynda sér og skapa í leik og starfi.

Sköpun felur í sér að kanna, prófa og umbreyta hugmyndum í verk – hvort sem það er í myndlist, tónlist, hreyfingu, leik eða daglegum athöfnum.

Í skapandi starfi eru börnin hvött til að hugsa sjálfstætt, spyrja spurninga og leita lausna. Þau læra að vinna úr eigin reynslu og áhuga, þróa hugmyndir og sjá möguleika í því sem fyrir er. Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að styðja hugmyndir barnanna, hlusta á þær og skapa rými þar sem gleði, forvitni og sköpunarferlið sjálft er í brennidepli.

Menning og sköpun er samofnar í daglegu starfi, þar sem sögur, tónlist, listir, hefðir og menningarlegur fjölbreytileiki fá að fléttast inn í leik og lærdóm. Þannig læra börnin að meta menningu sína, virða menningu annarra og sjá sig sem virka þátttakendur í menningarlífi samfélagsins.

Í gegnum skapandi starf eflast ímyndunarafl, frumkvæði, sveigjanleika og sjálfstraust. Sköpun og menning stuðla einnig að ígrundun, samkennd og jafnrétti, þar sem börn læra að virða

eigin hugmyndir og annarra. Þessi nálgun styður við grunnþætti Aðalnámskrá leikskóla, einkum sköpun, menningu og sjálfbærni. Þar sem börn fá að læra með því að skapa, rannsaka og finna gleði í eigin sköpunarferli.

Leikur og nám

Leikur er lífstjáníng og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik læra börn margt sem ekki er hægt að kenna þeim. Með leik er hægt að virkja sköpunarkraft barna sem og löngun þeirra til þess að læra og afla sér þekkingar. Erfitt getur verið að greina milli leiks og annarra athafna barna en þó hafa mismunandi einkenni verið flokkuð í ákveðnar birtingarmyndir leiks svo sem, *hreyfi- og ærslaleikur, byggingarleikur, hlutverka- og þykjustuleikur og sjálfsprottinn leikur*.

Samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla á sjálfsprottinn leikur að vera meginnámsleið barna og þungamiðja leikskólastarfsins. En sjálfsprottinn leikur kemur frá börnunum sjálfum, þ.e.a.s. þau hafa stjórn og frumkvæði á leiknum. Þau geta skapað sér leikreglur sjálf, valið efnivið, leikfélaga og rými til þess að þróa leikinn sinn á sínum forsendum.

Á Kirkjubóli er lögð mikil áhersla á sjálfsprottinn leik barna og skipar hann megin sess í dagskipulagi leikskólans. Í leiknum fá börnin tækifæri til að kanna, skapa, prófa hugmyndir sínar og öðlast skilning á umhverfi sínu. Leikurinn er samofinn námi, þroska og líðan barna og stuðlar að því að efla fjölmarga námsþætti, bæði vitræna, félagslega og skapandi. Í leik læra börnin að hlusta, semja, deila og sýna tillitssemi. Jafnframt fá þau rými til að verja hugmyndir sínar, sýna frumkvæði og efla sjálfstæði sitt.

Í *Handbók um leikinn* eftir Dr. Söru Margréti Ólafsdóttur og Dr. Svövu Björk Mörk (2019) kemur fram að leikur sé ekki aðeins tjáníng barna heldur einnig leið þeirra til að skilja heiminn, þróa hugsun sína og móta sjálfsmýnd. Þar er lögð áhersla á að leikur barna sé lífsnauðsynlegur fyrir þroska þeirra og að hlutverk starfsfólks sé að skapa umhverfi þar sem leikurinn fær að þrífast, með efniviði sem kveikir forvitni, sköpun og samvinnu.

Á Kirkjubóli leggjum við áherslu á opið og sveigjanlegt skipulag sem veitir börnunum gott svigrúm til sjálfsprottins leiks. Hlutverk starfsfólks er að vera til staðar, taka þátt í leiknum, styðja hann og kenna börnunum að leika sér ef þess er þörf. Með því að sýna leiknum virðingu og rými í dagskipulagi leggjum við grunn að skapandi hugsun, félagslegum tengslum og djúpri námsupplifun barna. Til þess að tryggja fullgildi allra barna í leikskólanum stuðlum við að góðum leikskilyrðum þar sem vinátta, samvinna og þátttaka barna skipta

lykilmáli. Leikurinn á einnig mikilvægan sess í flæði Kirkjubóls, þar fær hann að blómstra í opnu og lifandi umhverfi þar sem börnin þjálfa sjálfstæði sitt, samskipti og forvitni í leik með öðrum.

Morgunfundir og lestrarstundir

Morgunfundir eru á hverjum morgni á öllum deildum. Á þeim er farið yfir skipulag dagsins, umsjónarmaður dagsins segir hvernig veðrið er og hvernig best er að klæða sig eftir því, sungið/lesið. Í þessum stundum er einnig sungið fyrir afmælisbörn dagsins. Valinn er umsjónarmaður sem sinnir hinum ýmsu verkefnum í gegnum daginn svo sem að bjóða ávexti, aðstoða við uppsetningu á matstofu, bjóða börnum í mat á matmálstímum og fl. Þegar börn eiga afmæli eru þau umsjónamaður þann dag.

Skipulagðar lestrarstundir eru á öllum deildum en það er misjafnt á hvaða tímum dags eftir því sem hentar börnunum hverju sinni.

Markviss málörvun

Málörvun er rauður þráður í öllu starfi leikskólans. Hún á sér stað í leik, samræðum, söng, frásögnum og samveru – þar sem tungumálið lifir í daglegu lífi barnanna. Í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla leggur leikskólinn áherslu á að skapa börnum aðstæður til að eiga uppbyggileg samskipti, þróa málskilning, tjá sig með fjölbreyttum hætti og kynnast möguleikum tungumálsins.

Við á Kirkjubóli leggjum ríka áherslu á að lesa daglega fyrir börnin, ræða innihald sagnanna og gefa þeim tækifæri til túlka, spyrja og segja frá. Þannig efla börnin orðaforða, máltilfinningu og skilning á tengslum orða og merkingar. Við notum Lubba- efnið, þulur, sögur og leikræna tjáningu til að efla hljóðkerfisvitund og áhuga á tungumálinu á leikrænan og skemmtilegan hátt.

Markviss málörvun byggist á því að hlusta, *endurtaka*, *útskýra* og *auðga samtal*, og að vera börnunum góð málfyrirmynd. Í daglegu starfi eru notaðir málörvandi leikir, sögugerð, söngvar, rímorð og orðaspil sem örva bæði tjáningu og hlustun. Ritmál er gert sýnilegt í umhverfinu með aðgengilegum skriffærum, bókstöfum, táknum og börn eru hvött til að teikna, skrifa og skoða orð í samhengi við leik og sköpun.

Við nýtum einnig upplýsingatækni og stafræna miðla á skapandi hátti, til að styðja við frásögn, hljóð, mynd og samvinnu barna. Útivera, gönguferðir og athuganir í nærumhverfi eru

nýttar til að efla orðaforða, skilning og læsi á náttúruna. Börn fá tækifæri til að ræða tilfinningar, áætlanir og niðurstöður hvort sem það er við veðurathuganir, stærðfræðilegan leik og daglega samveru.

Markmið leikskólans er að skapa málríka og læsisríka menningu innan leikskólans. Þar sem öll börn fá jöfn tækifæri til að hlusta, tjá sig, spyrja, segja frá og læra í gegnum leik og reynslu.

Flæði

Á Kirkjubóli er flæði hluti af daglegu starfi og viðhorfi til barnsins sem virks þátttakanda í eigin námi. Flæði er í anda hugmyndafræðinnar um *Flow*, þar sem einstaklingar upplifa einbeitingu, gleði og uppfyllingu þegar verkefni höfða til áhuga þeirra og hæfni. Í leikskólastarfi felur þetta í sér að börn fá frelsi til að velja, kanna og færa sig á milli rýma og verkefna út frá eigin áhuga, þörfum og sköpunargleði.

Við á Kirkjubóli leggjum áherslu á að skipulag dagsins sé sveigjanlegt, þannig að börn geta tekið þátt á sínum hraða og fengið rými til að njóta leikja, samveru og verkefna. Í matartímanum birtist flæði meðal annars þannig að börnin velja sjálf hvenær þau setjast að borði, hvað þau borða og með hverjum. Þannig læra þau að taka ákvarðanir, sýna ábyrgð og virða bæði sjálf sig og aðra. Starfsfólk styður ferlið með nærveru, hlýju og leiðsögn sem tryggir rólegt og virðingarfullt andrúmsloft.

Flæði á sér einnig stað í sjálfsprottum leik barna, þar sem þau fá tækifæri til að kanna, skapa og þróa hugmyndir sínar í leik og samveru. Á föstudögum opnum við allar deildir leikskólans í flæði, þar sem börn fá að velja sér leikrými og þemaverkefni eftir áhuga. Hver deild vinnur þá út frá kenningum Howard Gardners um fjölgreindir, til dæmis með málgreind, líkams- og hreyfigreind, stærðfræðigreind eða rök- og rýmisgreind. Með þessu vinnulagi fá börn að nýta styrkleika sína, prófa nýjar leiðir til að læra og efla bæði sjálfstæði og samvinnu

Flæði stuðlar að ró, vellíðan og jákvæðri sjálfsmynd barna, eykur ábyrgð, dregur úr árekstrum og eflir samskipti. Þannig má segja að flæði á Kirkjubóli sé bæði skipulagsform og námsaðferð, sem byggir á virðingu, lýðræði og trausti í anda Aðalnámskrá leikskóla.

Námsumhverfi

Börn kanna og skilja heiminn með öllum skynfærunum. Því er skipulag, hönnun og nýting námsumhverfisins – inni og úti – mótuð af markmiðum, viðhorfum og gildum skólans.

Umhverfið á að vera heilsusamlegt, öruggt, aðlaðandi og hvetjandi. Við nýtum sjónrænt skipulag (t.d. myndræn dagskrá og merkingar) því börn muna oft betur það sem þau sjá.

Starfsfólk skapar fjölbreytt leikumhverfi sem vekur forvitni og styður ímyndunarafli, sköpun og tjáningu. Efniviður er aðgengilegur í barnahæð og endurnýjaður reglulega til að halda leiknum lifandi. Flæði milli rýma er meðvitað nýtt svo börn geti valið viðfangsefni, færst á milli svæða og tengt hugmyndir sínar. Hver deild er heimasvæði barnsins með fjölbreyttu leikefni. Salurinn býður upp á stærri hópa, hreyfistundir, söng og skapandi samveru, og þjónar jafnframt sem Matstofa þar sem allir koma saman þrisvar á dag.

Verk barna eru sýnileg á veggjum; við hengjum upp myndir, texta, bókstafi, tölur og myndefni sem kveikir spurningar og eflir orðaforða. Dagskipulag allra deilda hefur skýran ramma með föstum punktum á borð við matmálstíma, morgunfund og hvíld; annars er starfið sveigjanlegt og unnið í samvinnu við börnin og áhuga þeirra. Útisvæðið er stórt og fjölbreytt með brekkum, tröppum, steinum, rólum og sandkössum sem bjóða upp á áskoranir, rannsóknir, hreyfingu og sköpun. Þar læra börn að lesa umhverfið, þjálfra samvinnu og styrkja líkama, hug og félagsfærni í leik.

Matartími barna

Matartímar eru mikilvægur hluti af daglegu starfi leikskólans og vettvangur til að efla sjálfstæði, félagsfærni og ábyrgð barna.

Í kjölfar þróunarverkefnisins „Matstofan á Kirkjubóli“, þar sem flæðismatartími var innleiddur, hefur skipulag matmálstímanna tekið mið af hugmyndarfræði um lýðræði, valdeflingu og sjálfstæði barna. Niðurstöður verkefnisins sýndu aukið sjálfstæði, meiri félagslega tengingu og betra flæði yfir daginn. Maturinn er borinn fram á hlaðborði, þar sem börnin velja sjálf hvað þau vilja borða og hversu mikið. Þannig læra þau að taka ákvarðanir út frá eigin þörfum og bera ábyrgð á eigin vali. Matartímar eru því ekki aðeins næringartímar, heldur einnig menntandi og félagslegar athafnir þar sem lýðræði, virðing og sjálfstæði barna birtist í verki.

Morgunmatur

Morgunmatur fer fram í sal leikskólans og er eini matmálstími dagsins sem hefur fastan tímaramma, frá 8:15-8:50. Ástæðan er að salurinn þarf að vera tilbúinn fyrir dagskrá skólans sem hefst kl 9:00, svo sem íþróttir og önnur skipulögð starfsemi.

Börnin taka þátt í undirbúningi og vali á mat í rólegu og notalegu andrúmslofti sem stuðlar að vellíðan og góðri byrjun á deginum.

Hádegismatur

Hádegismatur hefst kl 11:00 og stendur þar til síðasta barn hefur lokið við máltíð sína. Hver deild fær úthlutað ákveðnum fjölda sæta í matstofu og alltaf eru 5-6 auka pláss laus til að tryggja raunverulegt val barna.

Börnunum er síðan boðið að koma að borða meðan á matmálstíma stendur. Börnin taka virkan þátt í máltíðinni með því að skammta sér sjálf og velja mat út frá eigin vilja og þörfum. Þau ákveða sjálf hvar og með hverjum þau sitja, sem stuðlar að sjálfstæði, ábyrgð og félagslegri færni í anda lýðræðislegs starfs leikskólans. Í Matstofunni er einnig í boði að skipta um skoðun, sem er mikilvægur lærdómur í félagsfærni og samskiptum – til dæmis að skipta um sæti eða borðfélaga.

Síðdegishressing

Síðdegishressing hefst kl 14:30 og stendur þar til síðasta barnið hefur lokið við máltíðina. Hún fer fram á sama hátt og hádegismaturinn, þar sem börnin njóta valfrelsis, taka ákvarðanir um eigið borðhald og læra í gegnum daglegt samspil við aðra.

Hlutverk starfsfólks

Starfsfólk leikskólans gegnir hlutverki samferðamanna fremur en stjórnenda í Matstofu leikskólans. Þau styðja við börnin við að taka ákvarðanir, hvetja til sjálfstæðis og virða rödd þeirra í daglegu starfi.

Þróunarverkefnið **Matstofan á Kirkjubóli** hefur verið mikilvægt skref í að efla lýðræðislegt starf leikskólans í samræmi við grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla-einkunn lýðræði, jafnrétti, vellíðan og sjálfbærni. Þar sem börnum leikskólans er skapað umhverfi til að taka átt, axla ábyrgð og efla sjálfstæði sitt í daglegu starfi.

Samstarf og samfélag

Samstarf og samskipti milli leikskólans, fjölskyldna og samfélagsins eru grundvallarþættir í starfi Kirkjubóls. Leikskólinn er ekki einangruð stofnun, heldur lifandi hluti af nærumhverfinu þar sem börn, foreldrar og starfsfólk læra saman, deila reynslu og stuðla að velferð hvers annars.

Á Kirkjubóli leggjum við áherslu á opið, heiðarlegt og traust samstarf við foreldra frá fyrsta degi leikskólagöngu barnsins. Foreldrar eru helstu samstarfsaðilar skólans og þekking þeirra á barni sínu er mikilvægur þáttur í að skapa samfellu og samræmi milli heimilis og skóla.

Leikskólinn tekur einnig virkan þátt í samstarfsverkefnum innan sveitarfélagsins, þar á meðal *Brúum bilið*, sem styrkir tengsl leik- og grunnskóla og tryggir börnum samfellu í námi og stuðningi við yfirfærslu á milli skólastiga. Með þessu samstarfi byggjum við upp samfélag trausts, virðingar og samábyrgðar þar sem velferð og farsæld barna eru í forgrunni.

Fjölskyldan og leikskólinn

Foreldrahópurinn og starfsmannahópurinn samanstendur af fólki sem er með mismunandi þekkingu, hæfni, eiginleika, reynslu, skoðanir og gildi, en eiga það sameiginlegt að vilja eiga gagnkvæmt og árangursríkt samstarf um velferð og nám barnsins/barnanna.

Áherslur í foreldrasamstarfi

Við leggjum áherslu á að skapa aðstæður strax frá upphafi leikskólagöngu barnsins, til að foreldrar og barn/börn finni sig velkomin og örugg í skólanum okkar. Við viljum leggja grunn að farsælu og árangursríkur samstarfi til framtíðar. Það gerum við með því að:

- Stuðla að gagnkvæmri virðingu, trausti, jákvæðni og sveigjanleika.
- Í upphafi leikskólagöngu barnsins, gefist foreldrum tækifæri til að kynnast leikskólastarfinu á markvissan hátt í aðlögun barnsins.
- Vera í góðum daglegum samskiptum við börn og foreldra.
- Taka vel á móti börnum og foreldrum í upphafi dags og kveðja í lok dags.
- Foreldrar upplifi að starfsfólkið sé aðgengilegt.
- Stuðla að góðu upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla.
- Hafa uppeldisaðferðir í leikskólans skýrar og aðgengilegar foreldrum.
- Foreldrar upplifi að þeir séu velkomnir inn í leikskólann og inn á deild barns síns.

Samstarfsverkefni

Brúum bilið

Formlegt samstarf er milli leik- og grunnskóla í Garðabæ og eiga leikskólarnir hver sinn „heimaskóla“. Flataskóli heimaskóli Kirkjubóls. Að hausti er gerður samstarfssamningur um heimsóknir í skólann. Höfum við reynt að hafa í huga að ef börn eru ekki að fara í Flataskóla að reyna að koma á samstarfi við aðra skóla.

Skólagarðar Garðabæjar

Kirkjuból tekur þátt í samstarfi við skólagarða Garðabæjar þar sem börnin fá tækifæri til að rækta eigið grænmeti. Þau taka virkan þátt í öllu ferlinu — sá fræjum, planta, sjá um garðinn og taka síðan upp grænmetið þegar uppskerutíminn kemur. Í garðinum læra börnin um náttúruna, sjálfbærni og mikilvægi þess að bera ábyrgð á umhverfi sínu. Verkefnið tengist einnig matarmenningu leikskólans þar sem grænmetið er stundum nýtt í eldamennsku eða til fræðslu um hollustu og fæðuhring lífsins.

Bókasafn Garðabæjar

Leikskólinn á reglulegt samstarf við bókasafn Garðabæjar. Börnin heimsækja bókasafnið reglulega, kynnast bókakosti þess og fá leiðsögn um umgengni við bækur. Allur aldur tekur þátt í heimsóknum og lestrarstundum þar sem áhersla er lögð á að efla orðaforða, hlustun og áhuga barna á bókum. Þessar heimsóknir styrkja tengsl leikskólans við samfélagið.

Mat á skólastarfinu

Mat er órjúfanlegur hluti af faglegu starfi leikskólans og stuðlar að því að hvert barn fái stuðning við sitt nám og þroska á eigin forsendum. Með reglulegu innra og ytra mati tryggjum við gæði, samfellu og stöðuga þróun í starfi leikskólans.

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og velferð barna á Kirkjubóli er litið til margra þátta. Markmiðið er að tryggja að hvert barn fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og að styrkleikar þess fái að njóta sín. Skráningar í ferilmöppur fylgja börnunum alla leikskólagönguna og gefa góða mynd af þroska þeirra, líðan og námi. Einnig eru notuð ýmis matsverkfæri til stuðnings faglegu mati, svo sem **TRAS** og **HLJÓM-2**.

TRAS er skimunartæki sem notað er fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Með því er fylgst með málþroska og samskiptahæfni, þar sem góður málþroski er mikilvægur fyrir almenna þroska barna.

HLJÓM-2 er síðan lagt fyrir elstu börnin í leikskólanum og metur hljóð- og málvitund þeirra. Tilgangurinn er að greina frávík snemma, svo hægt sé að styðja við barnið með markvissum hætti. Niðurstöðurnar gefa einnig vísbendingar um hvernig lestarnám barnsins muni þróast síðar.

Innra mat á leikskólastarfi – BRAVOLesson

Innra mat í leikskólum er lögbundið samkvæmt lögum um leikskóla og fer fram með kerfisbundnum hætti, í tengslum við skólanámsskrá og umbótavinnu.

Árið 2025 innleiddu leikskólar Garðabæjar **BRAVOLesson** til að efla enn frekar faglegt starf sitt. Samhliða var sett á laggirnar samræmd matsáætlun sem nær yfir þriggja ára tímabil.

BRAVOLesson styður við innra mat með sjálfsmatseiningu sem byggir á gæðaviðmiðum leikskóla, stefnu sveitarfélagsins og niðurstöðum bæði innra og ytra mats, m.a. foreldra- og starfsmannakönnunum. Kerfið gerir leikskólanum kleift að hafa skýra umgjörð utan um mat, greiningar og umbætur í daglegu starfi, og stuðlar þannig að auknum gæðum og faglegri þróun í þágu barna.

Niðurstöður innra mats eru birtar í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans.

Ytra mat

Fræðslu- og frístundarsvið Garðabæjar hefur eftirlit með að starf Kirkjubóls sé í samræmi við lög og reglugerðir um leikskóla og Aðalnámsskrá Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Sviðið framkvæmir reglulega foreldra- og starfsmannakannanir í samstarfi við **Skólapúlsinn**, sem eru hluti af ytra mati og stuðla að stöðugri endurskoðun og umbótum á leikskólastarfi Garðabæjar.

Áætlanir

Starfsáætlun er útbúin fyrir hvert skólaár og þar eru tilgreind markmið vetrarstarfsins, þema og áherslur í starfinu. Starfsáætlun er lögð fyrir leikskólanefnd og samþykkt af henni.

Eldvarnaráætlun og rýmingaráætlanir eru til staðar á öllum deildum. Á hverju hausti fara fram æfingar í rýmingu leikskólans með áherslu á öryggi barna og starfsfólks.

Ef í ljós kemur að aðbúnaður eða velferð barns er ekki fullnægjandi er unnið í samvinnu við foreldra að lausn málsins. Reynist það ekki mögulegt ber leikskólanum að tilkynna málið til barnaverndaryfirvalda, í samræmi við lög og reglur.

Áætlun gegn einelti, svokölluð **Vinaáætlun**, felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir til að efla vináttu og jákvæð samskipti barna. Lögð er áhersla á einkunnarorð leikskólans – virðingu, væntumþykju og vináttu – og að tryggja að öll börn eigi vini, upplifi samkennd og samhygð í daglegu starfi.

Jafnréttisáætlun Kirkjubóls nær til starfsfólks, barna og foreldra. Hún byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og jafnræðisákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar. Litið er á feður og mæður sem jafngilda samstarfsaðila í foreldrasamstarfi og beint er jafnt orðum og upplýsingum til beggja þegar sameiginlegt forræði er fyrir hendi.

Samskiptasáttmáli Garðabæjar hefur það að leiðarljósi að stuðla að vellíðan, velferð og heilsu barna. Hann byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins nr. 1040/2011, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Garðabær vinnur nú að gerð samskiptasáttmála sem sérstaklega miðar að leikskólastigi.